Nefndarálit kynbótanefndar.

Þingskjal nr. 10

Flytjandi milliþinganefnd um hugtakið gæðingur

Lagt fyrir kynbótanefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu gæðingur:

> *Gæðingur er réttnefni hests sem býr yfir traustri lund, mýktartölti, fjölhæfni, hreinum gangi, lipurð og snerpu.*

Nefndin leggur til að tillögunni sé vísað frá.

Ekki er hlutverk Landsþings að skilgreina hvað flest í orðinu gæðingur. Nefndin óskar eftir að fagráð taki málið til umfjöllunar.

Önnur mál:

Kynbótanefnd tók til umfjöllunar Skýrslu landsliðs og afreksnefndar. Sérstaklega fjallaði nefndin um þá tillögu landsliðsnefndar að bættu verklagi. Nefndin leggur til að íþróttaknapar landsliðsins sýni þau kynbótahross sem fara á HM fyrir íslandshönd.

Nefndin er samhljóma um að þessi breyting yrði afturför í þátttöku kynbótahrossa á HM ef skipta þarf um knapa á kynbótahrossi. Nefndin telur að alltaf eigi að stilla upp sterkustu mögulegum hrossum og verði parið hluti af íslenska landsliðinu líkt og verið hefur.